

BMF-2015-08 Samkomur á Hótel Bláfelli

Hótel Bláfell vill stuðla að því færa bæjarbúa nær hvor öðrum og auka samvitund meðal íbúa sveitarfélagsins. Það hafa allir gott af því að koma saman og láta jákvæðnina ráða för. Hugmyndin er þjappa fólki saman með ýmsum viðburðum yfir dimmustu vetrarmánuðina. Hótel Bláfell vill stuðla að samfélagslegri uppbyggingu með þessum hætti og leggja sitt af mörkum til að bæta menningu og félagslíf í þorpinu. Áætlað er að setja upp a.m.k einn viðburð í hverjum mánuði þar sem bæjarbúum gefst kostur á að hittast og ræða saman og njóta samverunnar. Um er að ræða ýmsa viðburði svo sem litla tónleika, ljóða/bókalestur, spilakvöld, smáréttakvöld, Bingó og þessháttar. Á meðan á viðburði stendur yrði boðið uppá léttar veitingar eftir því sem við á, íbúum að kostnaðarlausu. Vill Hótel Bláfell sækja um styrk til að mæta þessum kostnaði svo stuðla megi að því að menningarlíf blómstri á Breiðdalsvík yfir þá mánuði sem rólegra er yfir sveitarfélaginu og íbúar í sínu daglega amstri.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr. árið 2015.